



## Hreppsnefnd 27.04.2006

Hreppsnefnd 27.04.06

**Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 27. apríl 2006  
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Ólafur Ármannsson, Bragi Vagnsson, G. Inga Geirsdóttir, Björn Halldórsson og Ellert Árnason.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 30. mars sl.  
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 30. mars sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 11. tl. og gerði grein fyrir fundi með forsvarsmönnum Heilbrigðisstofnunar Austurlands, þar sem þeir skýrðu fjárhagsvanda stofnunarinnar. Hreppsnefnd hefur ályktað um þessi mál og var ályktunin send til Heilbrigðisráðherra og þingmanna kjördæmisins.  
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 6. apríl sl.  
Lögð fram til kynningar fundargerð félagsmálanefndar frá 6. apríl sl.

3. mál. Fundargerðir menningarmála- og bókasafnsnefndar frá 5. og 11. apríl sl.  
Fundargerðir menningar- og bókasafnsnefndar frá 5. og 11. apríl lagðar fram til kynningar.  
Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með gang mála og það starf sem menningarmálanefnd vinnur.  
Að öðru leyti var fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. mál. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. (Áætlunin hefur verið send í tölvupósti).

Lögð fram svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020, sem unnin hefur verið fyrir 11 sveitarfélög á Austurlandi af UMÍS ehf. Environice í Borgarnesi dags. 1. apríl 2006.

Fulltrúar fyrirtækisins hafa kynnt helstu atriði áætlunarinnar fyrir fulltrúum hreppsnefndar og stærri fyrirtækja á Vopnafirði. Gerði sveitarstjóri nánari grein fyrir verkefninu.  
Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi áætlun fyrir sitt leyti. Jafnframt samþykkt að síðan verði unnin tímasett framkvæmdaáætlun fyrir sveitarfélagið sem lögð verði fyrir hreppsnefnd í byrjun október 2006.

5. mál. Hugmyndir um leiguhúsnæði að Hafnarbyggð 4, efri hæð.  
Lögð fram greinargerð unnin af Ungmennafélaginu Einherja dags. 25. apríl sl., sem greinir frá frá hugmyndum félagsins um húsnæði. Jafnframt gerð grein fyrir hugmyndum Vopnafjarðarhrepps um leigu á húsnæði fyrir skjalageymslu. Um er að ræða húsnæði að Hafnarbyggð 4, efri hæð, sem er í eigu Kaupþúns. Sveitarstjóri skýrði málið og hver kostnaður væri við leiguna og gerði grein fyrir ósk Einherja um styrk til leigu á viðbótahúsnæði eins og því er lýst í framlögðum gögnum.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða á grundvelli framlagðra gagna að heimila sveitarstjóra að ganga

frá leigusamningi fyrir skjalageymslu að stærð 25 fermetrar og jafnframt að styrkja Einherja til leigu á um 93 fermetra húsnæði að Hafnarbyggð 4, efri hæð.

6. mál. HB Grandi, staða mála.

Gerð grein fyrir fundi með forsvarsmönnum HB Granda þann 8. apríl sl., þar sem forsvarsmenn HB Granda gerðu grein fyrir áformum fyrirtækisins um uppbyggingu á Vopnafirði. Miðað við hugmyndir fyrirtækisins verður ráðist í verulegar framkvæmdir á næstu meisserum, sem miða að því meðal annars að auka afkastagetu fyrirtækisins verulega í frystingu uppsjávarafla. Fram fór allmikil umræða um stöðu mála og framtíðaráætlanir fyrirtækisins.

7. mál. Félags- og brunamál, viðræður sveitarfélaga um samvinnu.

Lögð fram fundargerð frá fundi sveitarfélaganna Vopnafjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótshéraðs, Fljótshrepps, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps um samstarf sveitarfélaganna á sviði brunavarna og félagsþjónustu, sem haldinn var 10. apríl sl. Þar var þessum málum vísað til umfjöllunar og afgreiðslu í viðkomandi sveitarstjórnnum.

Lagðir fram minnisþingar um félagsþjónustu og drög að samningum um félags- og barnaverndarþjónustu og sameiginlega félagsmálanefnd fyrir öll sveitarfélögin. Jafnframt lögð fram greinargerð vegna hugmynda um sameiginlegt rekstrarsamlag brunavarna.

Ennfremur lagðar fram áætlanir um kostnað sveitarfélaganna vegna þessara þátta. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi gögnum. Í framhaldi urðu miklar umræður um þessi mál, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Því næst var lögð fram svofelld tillaga:

*“Hreppsnefnd samþykkir að vísa gögnum varðandi sameiginlega félagsþjónustu til umsagnar félagsmálanefndar. Endanleg afstaða verði tekin á næsta fundi hreppsnefndar um samvinnu þessara sveitarfélaga í félags- og brunamálum”.*

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

8. mál. Bréf Svæðismiðlunar Austurlands dags. 7. apríl sl.

Lagt fram bréf svæðismiðlunar frá 7. apríl sl., varðandi stvinnumál á Vopnafirði.

Gerði sveitarstjóri grein fyrir erindi Svæðismiðlunar og honum síðan falið að ræða við fulltrúa Svæðismiðlunar um mögulega samvinnu um þessi mál og kynna fyrir hreppsnefnd, þegar niðurstaða liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.40.